

# Kennsluáætlun

## Lota 1

**Bekkur:** 9.bekkur

**Námsgrein:** Enska

**Fjöldi kennslustunda:** 4

**Kennari/kennarar:** Helga Ósk Hreinsdóttir

### Áfangalýsing

**Kennsluaðferðir:** Unnið verður í 8-9 vikna lotum, þar sem lagt verður áherslu á mismunandi hæfniviðmið. Notast verður meðal annars við kennslubókina Spotlight 9 ásamt vinnubók og hlustunarefni. Verkefni úr vinnubók, orðalisti og ritunarverkefni eru unnin í stílabók. Í ensku verður einnig notast við tónlist, myndbönd, kvikmyndir, og frjálstrarverkur sem og efni frá kennara. Leitast er við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta, ýmist með einstaklings og hópavinnu, félagakennslu og stöðvavinnu.

**Námsmat:** Mikil áhersla verður lögð á sjálfsmat nemenda og jafningjamat, til þess að meta námsárangur hvers og eins. Verkefni verða lögð fyrir reglulega, þar sem lögð er áhersla á mismunandi hæfniviðmið innan fagsins, í samræmi við Aðalnámsskrá grunnskóla. Einkunnir verða gefnar í bókstöfum.

Kennarar áskilja sér rétt til að breyta kennsluáætlun án fyrirvara.

| <b>Lotu<br/>24 ágúst – 20 október</b> | <b>Viðfangsefni</b>   | <b>Námsmat</b>  |
|---------------------------------------|---|---|
| Grunnbók er Spotlight 9               | Unit 1 - All you need is love<br>Unit 2 – Canada is gigantic                | Kaflakönnun fyrir hvern kafla. Frásögn og samskipti Orðaforði og orðasambönd Hlustunarverkefni og munnleg frásögn |
| Málfræði Lotunnar                     | Nouns irregular plural<br>Nouns possessive<br>Pronouns – reflexive pronouns | Málfræðikönnun og verkefni  |
|                                       | Kvikmynd að vali kennara tengd efni lotunnar                                | Ritunarverkefni og umræða Hlustun   |
|                                       | Heimildarmynd um Kanada   | Verkefni, Sjálfsmat Munnleg frásögn Hlustun   |

**Hæfniviðmið** samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.

### **Hlustun**

Nemandi geti:

- Skilið auðveldlega og án vandræða talað mál er varðar hann sjálfan og daglegt líf
- Skilið samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og sem tengjast áhuga-, námi- og þekkingarsviði hans og nýtt sér í ræðu og riti
- Fylgt nokkuð vel aðgengilegu efni sem höfðar til hans, í fjöl og myndmiðlum
- Hlustað nokkuð vel eftir nákvæmum atriðum þegar þörf er á.

## Lesskilningur

Nemandi geti:

- Lesið og skilið margvíslega texta sem innihalda algengan orðaforða og fjalla um daglegt líf og kunnuglegar aðstæður.
- Skilið megininntak í nokkuð algengum frásögnum fjöl-, net og myndmiðla • Leitað og fundið aðgengilegar upplýsingar í texta og greint helstu aðalatriði textans og nýtt sér við verkefnavinnu
- Lesið sér til gagns og ánægju smásögur, bækur og fræðsluefni ætlað hans aldurshópi

## Frásögn

Nemandi geti:

- Tjáð sig á nokkuð góðan hátt um hluti sem tengjast daglegu lífi hans og nýtt sér reglur um málnotkun og framburð
- Sagt frá reynslu sinni, skoðunum og brugðist óundirbúinn við spurningum varðandi þessa þætti.
- Flutt einfalda frásögn eða kynningu á efni sem hann hefur aflað sér upplýsinga um
- Samið einfaldan texta, atriði eða sögu um hluti sem hann þekkir til

## Ritun

Nemandi geti:

- Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir vel, nýtt sér til þess daglegan orðaforða og grunnatriði málfræði og stafsetningar.
- Skrifað mismunandi texta og hagað málinu í samræmi við inntak og viðtakanda.
- Sagt frá og brugðist við hlutum sem hann hefur heyrt, lesið eða séð
- Lýst skoðunum, atburðarás og nýtt sér til þess viðeigandi orðaforða.
- Samið texta og nýtt sér til þess ímyndunarafli og sköpunargáfu